

19.1.2016

B/t sveitarstjórna,

Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar, Reykjavíkurborgar, Skorradalshrepps og stjórnar Faxaflóahafna.

Ágætu viðtakendur,

Stofnaður var starfshópur að tillögu stjórnar Faxaflóahafna við undirbúning stofnunar þróunarfélags fyrir athafna- iðnaðar – og hafnarsvæðið að Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Sveitarfélögin Akranes, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit tilnefndu fulltrúa í verkefnið.

Stofnun þróunarfélagsins hefur átt sér allnokkurn aðdraganda en sveitarfélögin Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Reykjavíkurborg, Skorradalshreppur ásamt Faxaflóahöfnum undirrituðu viljayfirlýsingu um stofnun Þróunarfélag fyrir umrætt svæði í lok árs 2014. Kjósarhreppur dró sig síðar út úr þessu samkomulagi.

Meðfylgjandi er í viðhengi drög að samþykktum fyrir félagið, ásamt hluthafasamkomulagi, stofnfundargerð og stofnsamning sem starfshópurinn leggur hér fram til afgreiðslu hjá framangreindum sveitarfélögum ásamt stjórn Faxaflóahafna.

Þess ber að geta að starfshópurinn leitaði sér ráðgjafar hjá KPMG ráðgjöf við þessa vinnu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Meðfylgjandi er í viðhengi einnig álit KPMG á rekstrarformi fyrir félagið.

Virðingarfyllst.

Björgvin Helgason      Hvalfjarðarsveit

Ólafur Adolfsson      Akraneskaupstað

Helgi Haukur Hauksson      Borgarbyggð